

Guðmundur Sigvaldason,
Sveitarstjóri
Skrifstofa Hörgársveitar
Þelamerkurskóla,
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2013
Tilvísun: UST20130100169/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar

Vísað er til erindis sveitarstjóra Hörgársveitar er barst 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu:

Efnistaka

Fram kemur í greinargerð og umhverfisskýrslu að gert er ráð fyrir samtals 8 misstórum efnistökusvæðum í sveitarféluginu. Þar af eru efnistökusvæði á 4 mismunandi svæðum í og við Hörgá. Umhverfisstofnun vill benda á að nýverið hefur verið opnuð náma í Skútum, þar sem mögulegt er að vinna 5.000.000 rúmmetra á næstu 50 árum. Því ætti að vera nægjanlegt framboð af efni í Hörgársveit. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun að sveitarstjórn ætti að fara að huga að því að draga úr efnistöku í sethjöllum og við farveg Hörgár, sem gæti haft verulega neikvæð áhrif á ásynd svæðisins ef þar verður haldið áfram efnistöku á mörgum stöðum. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á stefnumörkun stjórnvalda: Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020, en þar segir m.a.: *Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námuðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæð náttúrufyrirbæri verði fyrir skemmdum.*

Umhverfisstofnun vill benda á að *efnistaka í sethjöllum er ekki endurnýjanleg* og *efnistaka úr árfarvegi er endurnýjanleg, en því aðeins hægt að tala um sjálfbærni að efnistakan valdi ekki skaða á lífríki og endurnýjunartíminn sé í "takt" við nýtinguna.* (

þverárnáma-Frumatsskýrsla bls. 24). Að mati stofnunarinnar ætti ekki að raska ánni og nánasta umhverfi hennar meir en orðið er og beina efnistöku fremur í færri og stærri námur þar sem slíkur valkostur er nú fyrir hendi í sveitarféluginu.

Náttúruminjar

Í yfirliti yfir náttúruminjasvæði er farið yfir svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun

bendir á að mörk svæðis nr. 505 „*Hraunsvatn og Vatnsdalur*“ eru til athugunar hjá Umhverfisstofnun.

Vatn, ár og strendur

Í forsendum umhverfisskýrslu kemur fram að unnið hefur verið að mengunarflokkun helstu stöðu- og fallvatna í sveitarféluginu. Einnig kemur fram að Hörgá hefur verið rannsókuð og ástand hennar flokkað í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 796/1999. Einnig kemur fram að það þarf tíðasta vöktunina fyrir þá þætti sem flokkast ekki í besta mengunarflokkinn. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um flokkun vatns og þau langtíma markmið að ná öllum þáttum í besta mengunarflokkinn.

Náttúrulegt birki

Í forsendum umhverfisskýrslu er farið yfir svæðaskiptingu innan sveitarfélagsins. Þar kemur fram eftirfarandi í umfjöllun um fremsta hluta Hörgárdals og aðstæður til skógræktar: „*að víða er að finna náttúrulegt birki víða í giljum inn eftir Hörgárdal.*“ Umhverfisstofnun minnir á að birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útvistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að mörkuð sé stefna um varðveislu náttúrulegs birkis í sveitarféluginu.

Valkostir fyrir íbúðabyggð

Í umhverfisskýrslu er afar greinargóð yfirferð yfir valkosti fyrir íbúðabyggð. Að mati Umhverfisstofnunar kemur skýrt fram að áframhaldandi uppbygging á íbúðarbyggð á Lónsbakka og áframhaldandi uppbygging íbúðabyggðar á Hjalteyri hafa takmörkuð umhverfisáhrif enda verið að bæta við lóðum á svæðum sem þegar eru í uppbyggingu. Umhverfisstofnun tekur undir þau áform Hörgársveitar. Ljóst er að uppbygging íbúðarbyggðar á Gásum og Blómsturvöllum myndi hafa röskun á áður óröskuðu landi og önnur umhverfisáhrif í för með sér og uppbygging innviða yrði dýrari.

Frístundabyggðir

Umhverfisstofnun bendir á að númeramerkingar frístundabyggða hafa hliðrast á uppdrætti miðað við það sem er í greinargerð. Gert er ráð fyrir frístundabyggð í bland við skógrækt á um 60 ha svæði á Arnarnesi. (merkt F10 á uppdrætti, en F9 í greinargerð) Lóðir eru áætlaðar

á um 60 ha svæði. Umhverfisstofnun minnir á að tryggja þarf aðgengi almennings meðfram ós syrir innan Arnarnesvík skv. 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Stofnunin bendir einnig á að skv. gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skal utan þéttbýlis ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Fráveita

Fram kemur í greinargerð og umhverfisskýrslu að viðurkenndar rotþrær séu við alla bæi og sumarhús í sveitarféluginu. Einnig kemur fram að meginhluti hússanna á Hjalteyri sé tengur rotþró, en nokkur hússanna eru tengd útrás beint í sjó fram sem nær 45 m frá landi. Umhverfisstofnun bendir á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s. breytingum, en þar koma fram tímasett markmið fyrir uppbyggingu fráveitu sveitarfélaga. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að markmið um endurbætur á fráveitu Hörgársveitar séu tímasett í aðalskipulagi.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun